

LJÓSIÐ

Paranámskeið

.....

Hreyfing í Ljósinu

.....

Námskeið fyrir nýgreinda

.....

Unnur Ösp og Karl

.....

Læknarnir Helgi og Snorri

.....



Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir
krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra

Langholttsvegi 43 104 Reykjavík Sími 561 3770 ljosid@ljosid.is www.ljosid.is

Í vinnuna, í hlaupið
eða í ferðalagið!



Minnkaðu líkurnar á að þú slasir þig
- notaðu YAKTRAX hálkugormana
eða hálkubroddana



Yaktrax Walker – 3.995,-



Yaktrax Pro – 5.495,-



Yaktrax Run – 7.995,-



Formannspistill

Líf og fjör í Ljósinu!

Enn haustar og litir sumarsins víkja fyrir litabrigðum haustsins áður en Vetur konungur tekur öll völd. Allar árstíðirnar hafa sinn sjarma og haustið er að mörgu leyti einn skemmtilegasti tími ársins. Á haustin fer starfsemi Ljóssins aftur í fullan gang eftir stutta sumarlokun og starfsfólk okkar skipuleggur fjölbreytta starfsemi vetrarins sem framundan er.

Á næsta ári fagnar Ljósíð 10 ára afmæli og það er með ólíkindum hvað mikið hefur áunnist á þessum stutta tíma. Á hverju árinu leitumst við eftir því að auka og bæta þjónustu við skjólstaðinga okkar en öll okkar dagskrá tekur mið af þörfum þeirra.

Í hinum fullkomna heimi væri ekki þörf á þeirri þjónustu sem Ljósíð veitir en staðreyndirnar tala sínu máli. Í hverjum mánuði sækja oft vel á fjórða hundrað manns þjónustu í Ljósíð og margir þeirra koma reglulega. Enn sem komið er eru fleiri Ljósberar okkar konur en mikið hefur áunnist í þeim efnum undanfarin ár. Í nokkur ár höfum við lagt mikla áherslu á vönduð námskeið fyrir nýgreinda karlmenn og hefur gott orðspor þeirra farið víða. Karlmenn eru í dag um fjórðungur þeirra sem sækja þjónustu í Ljósíð og þetta hlutfall hefur vaxið ár frá ári. Þess ber einnig að geta að í vaxandi mæli er Ljósíð að bjóða upp á vönduð námskeið og þjónustu fyrir börn og ungt fólk sem hafa verið vel sótt.

Á undanförunum misserum höfum við lagt mikla vinnu í það að endurbæta húsnæði okkar að Langholtsveginum og hafa þær framkvæmdir verið okkur kostnaðarsamar. Allir eru þó sammála um ágæti þeirra enda hefur nýtingin á húsnæðinu batnað til muna. Við eigum enn eftir að gera lítils háttar lagfæringar á miðhæðinni og draumur okkar um að nýta rétt okkar til viðbyggingar á efri hæð er enn til staðar. Það er von okkar að við getum ráðist í þessar framkvæmdir áður en langt um líður og þá verður einnig gert ráð fyrir lyftu í húsinu.

Ég vil nota tækifærið og þakka velunnurum Ljóssins dyggan stuðning á liðnum árum því án þeirra væri starfsemi Ljóssins með öllu óhugsandi.

*Tómas Hallgrímsson
Formaður stjórnar Ljóssins*

Merki Ljóssins

Merki Ljóssins er hannað af Önnu Þóru Árnadóttur sem starfar á auglýsingastofunni EnnEmm. Hún útskýrir hönnunina á eftirfarandi hátt:

„Hinn heiti, rauði litur merkisins táknar hlýju og styrk. Form merkisins er þríþætt: Innsti hlutinn er logandi ljós, tákn fyrir lífið sjálft. Hvíti hluti merkisins er mannsmynd sem umfaðmar ljósið. Loks myndar ysti hlutinn skjól um ljósið.“ Það var velunnari Ljóssins sem gaf kostnaðinn við gerð merkisins og greiddi jafnframt fyrir fyrsta upplag af bréfsefni og umslögum sem því skarta.

Við þökkum innilega fyrir veglega gjöf.



Ljósíð, 1. tölublað, 8. árgangur, 2014.

Útgefandi og ábyrgðaraðili: Ljósíð – endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra. Langholtsveg 43, 104 Reykjavík. Sími: 561 3770. Netfang: ljosisid@ljosisid.is. **Styrktarveikningur Ljóssins er: 0130-26-410420, kennitala: 590406-0740.**

Ritstjóri og höfundur efnis: Sigurður Ólafsson - sigurdurolafsson@gmail.com. **Umbrot og prentun:** Litlaprent.

Stjórn Ljóssins: Formaður: Tómas Hallgrímsson, viðskiptafræðingur. Varaformaður: Friðrik Larsen, Lektor við HR. Gjaldkeri: Jón Eiríksson, lögmaður.

Ritari: Hulda Gunnarsdóttir, upplýsingafulltrúi Reykjavíkurborgar. Stjórnarmaður: Helgi Sigurðsson, krabbameinssérfræðingur, prófessor.

Forstöðumaður Ljóssins: Erna Magnúsdóttir, iðjupjálfi. **Ljósmynd á forsíðu:** Ragnar Th. Sigurðsson

Efnisyfirlit

Formannspistill	3
Merki Ljóssins	3
Námskeið fyrir unga aðstandendur	4
Karitas	5
„Hreyfing og mataræði lykilatriði“	6-7
Helgi Sigurðsson	
Verið með frá byrjun	8
Sigurbjörg Axelsdóttir	
Þjónustukönnun	9
Tæplega 300 manns hlupu fyrir Ljósið	9
„Hreyfingin er gríðarlega mikilvægur þáttur“	10
Komu og einstaklingstölur í Ljósinu 2014	11
Haukur Guðmundsson	
Ung og greind	12-14
Unnur Ösp Guðmundsdóttir og Karl Hreiðarsson	
Jafningjastuðningur og fræðsla fyrir nýgreindar konur	14
Deila reynslu, þiggja ráð og öðlast von	15
Sigurbjörg Karlsdóttir, Hildigunnur Daníelsdóttir og Guðrún Kristín Svavarsdóttir	

Myndaopna	16-17
Af hverju vinnum við með handverk í Ljósinu?	18
Blöðruhálshópur fyrir yngri karlmenn	19
Matarveisla í Ljósinu	19
Para/hjónanámskeið Ljóssins	20
„Að vera saman og tala saman“	21
Sigrún Marinósdóttir og Bergþór Pálmason	
Bókahornið	22
Heimahlýnning	22
Grilltrix	23
ECRS Ráðstefna í Kaupmannahöfn september 2014	24-25
Golfmót til styrktar Ljósinu	25
„Ég er flokksbróðir“	26-27
Snorri Ingimarsson	
Karitas	27
Tæplega 300 manns hlupu fyrir Ljósið	27

Námskeið fyrir unga aðstandendur

Ljósið býður nú upp á námskeið fyrir unglinga sem eru í hlutverki aðstandenda þeirra sem greinst hafa með krabbamein. Námskeiðin eru samstarfsverkefni Ljóssins og Foreldrahúss og á þeim fá unglingarnir tækifæri að skoða sjálfa sig, sitt nánasta umhverfi og þær aðstæður sem þeir eru í út frá samskiptum, tilfinningum og hegðunum. Lögð er áhersla á að mæta þörfum hópans og hvers og eins innan hans. Námskeiðið er haldið einu sinni í viku í átta vikur og er aldurskipt þannig að í öðrum hópnum hittast 13-15 ára unglingar og í hinum 16-20 ára.

Leiðbeinendur eru þau Elísabet Lorange, kennari og listmeðferðarafræðingur, Alexander M. Elíasson ráðgjafi og Kristján T. Friðriksson íþróttarafræðingur.

Í námskeiðinu er unnið með ýmis lykilhugtök; svo sem traust, samskipti, félagsskap og sjálfsþekkingu. Mikil áhersla er lögð á það að trúnaður ríki innan hópans svo að þátttakendur geti tjáð sig óhindrað í starfinu.

Elísabet segir það hafa mikið gildi að þessi aldurs hópur fái að hittast á sérstöku námskeiði:

„Það er mikilvægt að aðstandendur fái tækifæri til þess að vera saman í hóp til þess að öðlast og veita stuðning, skilning og samkennd miðað við þær upplifanir sem þeir hafa farið í gegnum. Og til þess að virkni námskeiðsins sé sem mest er best að miða við þroska og getu.“



Hún segir að helstu þarfir þeirra sem sækja námskeiðið séu að fá skilning frá jafnöldrum og að finna að þau séu partur af hóp sem hefur farið í gegnum svipaða hluti eða þá sömu.

Hún segir reynsluna hingað til af námskeiðinu vera góða:

„Með aukinni meðvitund og skilningi hefur námskeiðið skilað þeim árangri að hver og einn hefur getað metið sína stöðu og fengið skýrari sýn á sjálfan sig. Og út frá þeim stað getað séð hvernig hægt er að betrubæta líf sitt með því gera upp fortíðina, tengjast núinu og vera með markmið inn í framtíðina, bæði ein og óstudd sem og með stuðningi.“

Karitas

Karitas er hjúkrunar- og ráðgjafarþjónusta fyrir fólk með langvinna sjúkdóma. Þjónustan er sólarhringsþjónusta sem veitt er í heimahúsum, með símtölum, tölvusamskiptum og á skrifstofu Karitas. Þjónustusvæði Karitas er allt Stór-Reykjavíkursvæðið.

Hjá Karitas starfa eingöngu hjúkrunarfræðingar sem allir hafa áralanga og sérhæfða reynslu á sviði krabbameinshjúkrunar, fjölskylduhjúkrunar og ráðgjafar. Karitas hefur ekki ráðið lækni fyrir þjónustuna heldur starfa hjúkrunarfræðingarnir í náinni samvinnu við lækni hvers sjúklings sem og aðra meðferðaraðila hans.

Markmið hjúkrunarfræðinga Karitas er að styðja við þá sem eru haldnir langvinnum sjúkdómum þannig að þeir geti betur tekist á við daglegt líf sitt þrátt fyrir þær breytingar og takmarkanir sem sjúkdómurinn hefur í för með sér. Hjúkrunarfræðingar Karitas leggja áherslu á að þeir eru gestir á heimili skjólstaðinga sinna og fjölskyldu hans. Þeir leggja metnað í að sinna skjólstaðingum og fjölskyldunni af fagmennsku og samkvæmt þeirra þörfum hverju sinni.

Starfsemi Karitas byggir á skilgreiningu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) á umönnun langveikra sem kallast líknarmedferð.

Við styrkjum Ljósíð



CC Flax

Ritryndar rannsóknir sýna

Víðtæka heilsufarsávinninga

CC Flax inniheldur trefjahýði mulinna hörfræja sem eru ríkasta uppspretta lignans. Rannsóknir birtar í viðurkenndum vísindaritum sýna að lignan er mikilvægt fyrir hormónaheilsu beggja kynja, sérstaklega um og eftir miðjan aldur. Lifestream lífrænt ræktuðu hörfræin innihalda tvöfalt meira magn lignans en almenn hörfræ.



„Ég greindist í febrúar 2010 með eggjastokkakrabbamein við mörk 4. stigs sem er lokastigið. Ég fór í aðgerð, æxlið var fjarlægt og lyfjameðferð hófst í kjölfarið. Mér var tjáð að venjan væri að fólk sem greindist á þessu stigi myndi greinast aftur innan árs. Fljótlega eftir lyfjameðferð fóru æxlisvísarnir CA-125 að hækka. Í september 2010 las ég ritryndar læknafræðingarnir um gagnsemi lignans við hormónatengdu krabbameini. Það varð til þess að ég ákvað að taka inn CC Flax sem inniheldur í ríkum mæli lignans. Ég sleppti inntöku í fyrsta sumarfríinu mínu og við næstu mælingar höfðu æxlisvísarnir hækkað. Hef passað síðan að taka CC flax daglega. Samkvæmt reglulegum blóðprufum eru engin merki um meinsemd. Ég vinn fullan vinnudag árið um kring, er full af orku og við góða heilsu.“

– Helga Nína Heimisdóttir, dagforeldri

Mulin hörfræ
Mulin trönuberjafræ
Hafþörungakalk



Celsus ehf. S: 551 5995. Nánari upplýsingar hjá hjúkrunarfræðingi okkar: hjukrun@celsus.is

Fæst í apótekum, heilsubúðum og stórmörkuðum.

lifestream
náttúruleg uppspretta bættiefna

„Hreyfing og mataræði lykilatriði“

Helgi Sigurðsson er prófessor krabbameinslækninga við Háskóla Íslands og yfirlæknir við Landspítala - háskólasjúkrahús. Hann hefur fylgst með starfi Ljóssins frá upphafi og undanfarin ár hefur hann setið í stjórn félagsins. Helgi hefur komið að fræðslustarfi Ljóssins og hefur til dæmis að undanförnu haldið fyrirlestra á fræðslukvöldum fyrir karla í Ljósinu.

Tímaritið hitti Helga að máli og fékk að kynnast hans sýn á stöðu og mikilvægi endurhæfingar fólks sem greinst hefur með krabbamein og hver þróunin væri í viðhorfum og meðhöndlun á krabbameini.

Endurhæfing í sögulegu ljósi

Helgi segist alltaf hafa verið áhugamaður um endurhæfingu og fer í upphafi spjalls okkar yfir sögu slíkra meðferða hér á landi:

„Þegar berklafaraldurinn gekk hér yfir áttuðu menn sig á mikilvægi þess að koma fólki sem verið hefur langveikt aftur í form. Kópavogshæli var til dæmis fyrst byggt sem endurhæfingarstaður fyrir berklasjúklinga. Um leið og berklasjúklingarnir styrktust urðu þeir eftirsóttir starfskraftar. Síðan hefur margt verið gert og þar má til dæmis nefna Reykjalund þar sem lungna- og hjartveikir fá nú meðal annars inni.“

Helgi setur þetta í samhengi við upphaf Ljóssins og hvernig hann hefur fylgst þar með frá upphafi:

„Þegar endurhæfingarstarf fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein byrjaði í Kópavogi þá var mikil ánægja með það skref. Erna, sem nú er forstöðumaður Ljóssins, var þar lykilmanneskja. Síðan var þessi starfsemi lögð niður í einhverri sparnaðaraðgerð og þá fór Ljósíð af stað. Ég var hikandi gagnvart því í upphafi að hefja slíka starfsemi utan spítala en ég sá fljótlega að þetta var mjög gott starf. Síðan var ég beðinn um að hjálpa til fyrir nokkrum árum síðan og ákvað þá að gefa kost á mér í stjórn og hef ekki séð eftir því.“

Rekstrarform Ljóssins fyrirmyndarmódel

Helgi segist hafa séð margt mjög jákvætt gerast í Ljósinu og þar sannist það enn einu sinni að maður sé manns gaman; fólk gleðjast og njóti samverunnar en endurhæfist í leiðinni. Hann segist með árunum raunar hafa sannfærst um að fyrirkomulag Ljóssins sé ef til vill það besta sem völ er á:

„Ljósíð starfar í svipuðum anda og við erum farin að sjá víða annars staðar, t.d. í svokölluðum Maggie's Centres sem sprottið hafa upp í Bretlandi, Danmörku og víðar. Þar er starfsemin líka grundvölluð á ákveðnum iðju- og endurhæfingarmódelum og út frá kenningum um mikilvægi félagskaparins. Rannsóknir hafa sýnt að rekstrarform Ljóssins er líka það ákjósanlegasta. Ljósíð er stofnað og rekið af áhugafólki sem ekki stefnir að gróða heldur er drifið áfram af hugsjón. Svipuð starfsemi hjá hinu opinbera hefur ýmsa kosti en á það til að verða að bákni og týna sér í skrifinnsku. Einkastarfsemi sem rekin er í gróðaskyni hefur svo oft í för með sér verri þjónustu og dýrari, þó að hinu gagnstæða sé iðulega haldið fram.“



Helgi Sigurðsson.

Helgi segir þó að í þessu felist sú hætta að hið opinbera fari að treysta á starfsemi hugsjónafólks, eins og í Ljósinu, og dragi þá úr eigin þjónustu á móti. Þrátt fyrir að yfirvöld ætlist þannig til að starfsemin sé til staðar er engu fé veitt til þess. Þannig krefjast hið opinbera í raun alls fyrir ekkert.

Fordómar og ótti við krabbamein

Helgi er því næst spurður út í hlutverk sitt á fræðslusamkomum Ljóssins. Hann segist þar koma inn á ýmislegt, til dæmis þá fordóma sem ríkja gagnvart krabbameini í samfélaginu:

„Krabbamein er enn sá sjúkdómur sem fólk óttast helst að fá en það gerir sér oft ekki grein fyrir því að tveir þriðju þeirra sem greinast með krabbamein lækna. Af þeim einum þriðja sem ekki lækna eru margir með sjúkdóm sem hægt er að halda niðri, jafnvel árum saman. Fólk lifir líka betur og lengur en það gerði fyrir t.d. 25-30 árum síðan. Lifsgæði hafa batnað mikið, meðal annars vegna betri einkenna- og verkjameðferða og vegna þess að menn hafa áttað sig á því að endurhæfing og gott líkamlegt form skiptir miklu máli.“

Helgi ber þetta saman við t.d. hjarta- og æðasjúkdóma sem aldrei séu læknanlegir, öll meðferð miðist að því að halda þeim niðri. Krabbameinssjúklingar geti, aftur á móti, í mörgum tilvikum læknað og í öðrum haldið sjúkdómnum í skefjum. Framfarir í krabbameinsmeðferðum leiða til þess að fleiri ná að byggja sig upp í og eftir krabbameinsmeðferð. Þessi síaukni fjöldi ítreki hins vegar þörfina fyrir úrræði eins og Ljósíð:

„Í dag eru 13.000 manns úti í samfélaginu sem einhvern tíma hafa greinst með krabbamein. Þetta er því stór hópur. Á hverju ári greinast svo um það bil 1500 manns. Þörfin er því mikil, bæði við að sinna þeim sem hafa lokið meðferð og eru að byggja sig upp og þeim sem eru nýgreindir á hverjum tíma.“

Mikilvægi hreyfingar og mataræðis

Endurhæfingin sjálf tengist svo öðru efni sem er rauði þráðurinn í fræðslu Helga, gildi hreyfingar og holls mataræðis:

„Rannsóknir hafa sýnt að hreyfing er verndandi, ekki bara gegn því að fá krabbamein heldur líka eftir að fólk greinist með

krabbamein. Þetta er raunar ekki nýr sannleikur, Hippókrates (stundum nefndur „faðir læknisfræðinnar“) sagði fyrir 2400 árum að hreyfing væri besta meðalið. En það var lítið lagt upp úr þessari vitneskju lengi vel og ríkjandi kenningar hafa, þar til nýlega, gengið út á að sjúklingar eigi fyrst og fremst að hvíla sig. Hluti af viðhorfinu til hreyfingar birtist í því að fyrir 40 árum var enn lítið á fólk sem sást hlaupa úti á götu sem skrátið. Nú gerum við okkur betur og betur grein fyrir því að maðurinn á, samkvæmt sinni „dýrafræði“, að vera á hreyfingu, jafnvel 10-20 kílómetra á dag. Það að þessi dýrategund verði allt í einu kyrrsetufólk skýrir fleiri sjúkdóma en menn gera sér grein fyrir, þar með talið krabbamein.“

Helgi segir það sama eiga við um mataræðið:

„Þar erum við líka að tala um viðhorfsbreytingu. Það hefur sýnt sig að offita er að verða helsti áhættuþáttur krabbameins í dag, nú þegar reykingar hafa minnkað. Offita getur komið

til af mörgu og er ekki alltaf eins í eðli sínu. Þeir eru auðvitað til sem eru þannig eru byggðir af náttúrunnar hendi og þá er það ekkert óeðlilegt. Þeir sem hins vegar fá þessa dæmigerðu „velferðarístru“ geta lent í vandræðum.“

Hann segir ekkert hafa sannast um að ákveðinn matur sé krabbameinsvaldandi en að skaldvaldurinn sé einfaldlega það sem hann kallar „fljótteknar kaloríur“, þá fyrst og fremst í kaloríuríkum og sykruðum matvælum. Ofneyslan valdi offitu sem sé hættuleg.

Helgi segir að lokum að fræðslukvöldin í Ljósínu séu einatt lífleg og góð:

„Þetta verða oft langir fundir, 2-3 tímar, þar sem mikið er spjallað. Ég tek þá fyrir ákveðið efni og eftir það eru málin rædd, spurningum svarað og umræðum komið af stað. Allir taka þátt og stemningin sem skapast er góð.“



IÐA-bókakaffi Vesturgata 2a 101 Rvk.
opið til 22 alla daga.

Við styrkjum Ljósíð



Alþýðusamband Íslands



Verið með frá byrjun



Kvennahópurinn sem haldið hefur saman eftir að hafa kynnst í Ljósinu. Aftari röð: Birna Jónsdóttir, Marsibil K. Guðmundsdóttir, Jóhanna Kristjónsdóttir, Erna Nielsen og Þórunna Eiríksdóttir. Fremri röð: S. Erna Einarsdóttir, Bára Pálmarsdóttir, Sigurbjörg Axelsdóttir og Margrét Ólafsdóttir (látin).

Sigurbjörg Axelsdóttir er eitt af þessum kunnuglegum andlitum í daglegu starfi Ljóssins. Hún hefur verið virk í starfinu allt frá á upphafsdögum starfseminnar í kjallaranum á Neskirkju. Þess vegna var löngu kominn tími á að setjast niður með Sigurbjörgu og heyra frá hverju hún hefði að segja eftir öll þessi ár í Ljósinu.

Sigurbjörg segist hafa heyrt af starfsemi Ljóssins í gönguhóp í Laugardal sem hún var í:

„Það var Eyjólfur Sigurðsson, sem margir muna eftir frá fyrstu árum Ljóssins, sem hvatti okkur nokkrar til að mæta út í Neskirkju þar sem Ljósíð var fyrst. Síðan hef ég verið með í starfinu.“

Sigurbjörg á góðar minningar frá þessum fyrstu árum Ljóssins: „Þetta var dásamlegur tími. Þarna voru nánast bara sjálfboðaliðar en síðar vatt þetta upp á sig og fólkinu fjölgaði, sem von var. Þjónustan sem núna er í boði er mjög þörf og góð. Það er meira að segja farið að veita lögfræðipjónustu í Ljósinu núna og það er mjög vel til fundið. Það er nógu erfitt að vera veikur fyrir án þess að þurfa að slást við kerfið líka. Þar veitir Ljósíð sem sagt líka hjálp núna.“

Sigurbjörg greindist með krabbamein 2004 en segist hafa komist ágætlega frá því. En þrátt fyrir að hafa verið laus við krabbamein allar götur síðan þá hefur hún sótt mikinn styrk í starfsemi Ljóssins. Hún segir að þar skipti félagsskapurinn miklu máli:

„Hér er allt mögulegt í gangi alla daga. Við erum að þrjóna og sauma, að búa til skartgrip og það nýjasta sem við höfum verið að spreya okkur á er skiltagerð. Svo er ég í jóga tvisvar í viku og sæki líka leikfimitíma. Dagskráin er ótrúlega fjölbreytt og allir finna eitthvað við sitt hæfi.“

Sigurbjörg segist hafa eignast marga góða vini á tíma sínum í Ljósinu og nefnir þar einkum hóp kvenna sem haldið hafa tryggð hver við aðra:

„Sumar þeirra eru hættar að koma í Ljósíð en við höldum samt áfram að hittast einu sinni eða tvisvar á ári.“

Í huga Sigurbjargar leikur enginn vafi á mikilvægi Ljóssins:

„Fólk kemur hingað oft niðurbrotið en það fær mikinn andlegan styrk og viðmótið er alltaf vinalegt og gott. Við finnum það bara á því hvað það hefur stundum verið erfitt að halda út þennan tíma sem lokað hefur verið yfir hásumarið. Áður var lokað fjórar vikur á sumrin en núna í ár var það bara í tvær vikur og það munaði miklu. Þá kemur í ljós hversu margir þurfa virkilega á starfinu hér að halda. Framlag fólksins í Ljósinu, bæði starfsfólks og stuðningsaðila miðstöðvarinnar, er ómetanlegt okkur öllum sem hér erum.“

Þjónustukönnun


Í ársbyrjun fór fram fagleg þjónustukönnun meðal þjónustuþega Ljóssins. Könnunin var unnin af Arneyju Einarsdóttur, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Alls tóku 265 Ljósberar þátt í könnuninni. Konur voru í miklum meirihluta svarenda og sama má segja um þá sem greinst hafa með krabbamein til móts við hóp aðstandenda í Ljósinu.

Niðurstöður könnunarinnar eru mjög jákvæðar fyrir Ljósíð en þar kemur meðal annars fram að Ljósíð hafi jákvæð áhrif á lífsgæði svarenda, þjónustan hafi bætt andlega og líkamlega líðan og styrkt félagstengsl í veikindunum.

Spurt er síðan nánar út í einstaka þætti þjónustu Ljóssins. Þar kemur meðal annars fram að svarendurnir telja sig hafa fengið skýrar upplýsingar um þjónustuna, telja hana fjölbreytta og finnst skoðanir sínar virtar af starfsfólki. Ljósíð fær svo nánast fullt hús þegar spurt er um þjónustuna í heild og eins hvort viðkomandi myndi mæla með þjónustunni við aðra.

Þegar spurt er hvaða þjónustu svarendur hafi helst sótt kemur fram nokkuð jöfn dreifing sem gefur til kynna að fólk kunni vel að meta fjölbreytnina í Ljósinu. Mest aðsókn mælist þó í viðtölin og hádegismatinn og þar á eftir í líkamsrækt. Fólk nefnir einnig viðtölin og líkamsræktina þegar það er beðið um að nefna hvaða þjónusta hafi nýst best.

Viðhorf - Upplýsingar, aðstoð, þjónusta ofl.



Að lokum var spurt hvaðan fólk hefði fengið upplýsingar um Ljósíð og þá kemur fram að flestir fengu upplýsingar frá Landspítalanum eða öðrum hjúkrunarstofunum, næstflestir nefna aðstandendur og þar á eftir koma þeir sem heyrðu um starfseminu í fjölmiðlum.

Ljósíð áætla að gera svona kannanir árlega héðan í frá til þess að viðhalda vitneskjunni um hvað vel er gert í starfseminni og hvað má enn bæta.

Þjáist þú af vandamálum í BLÖÐRUHÁLSKIRTLI?

- Hækkuðu PSA gildi
- Góðkynja stækkun
- Tíðum þvaglátum og/eða öðrum vandamálum sem tengjast blöðrunni

Þá ættir þú að prófa að taka inn Eyvind geithvannasafa. Eyvindur er 100% hrein náttúruafurð unnin úr ferskri geithvönn og síðan hraðfrost án nokkurra aukefna

Hægt er að panta safann inn á www.hvannalindir.is eða í síma **464-2250** einnig fæst hann í verslun Lifandi markaðar í Borgartúni 24.

www.hvannalindir.is

Tæplega 300 manns hlupu fyrir Ljósíð



Reykjavíkumaraþon fór fram í 31. sinn laugardaginn 23. ágúst. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í þeim hlaupum sem boðið var upp á en tæplega 16 þúsund manns voru skráðir til leiks.

Áheitasöfnun fór fram, eins og undanfarin ár, þar sem hægt er að heita á hlaupara að hlaupa fyrir góðan málstað. Tæplega 300 manns völdu að hlaupa fyrir Ljósíð í ár og þar söfnuðust alls um 2,4 milljónir króna. Ljósberar voru mættir á hliðarlínuna, skreyttir blöðrum og fána Ljóssins, og skapaðist þar mikil stemning.

Ljósíð þakkar öllum þeim sem hlupu fyrir samtökin í ár og eins þeim sem mættu til að hvetja okkar fólk áfram.

„Hreyfingin er gríðarlega mikilvægur þáttur“

Hreyfing er mikilvægur þáttur í starfi Ljóssins. Fjölbreyttir kostir eru í boði fyrir Ljósbera og mikið tillit er tekið til líkamlegs ásigkomulags hvers og eins. Haukur Guðmundsson sjúkráþjálfari er lykilmáður í þessu starfi Ljóssins en hann hefur starfað hjá miðstöðinni um nokkurra ára skeið.

Þegar hann er beðinn um að fara yfir hlutverk sitt í Ljósinu kemur ýmislegt við sögu:

„Ég sé um að taka viðtöl og þrekpróf á Ljósberum, hjálpa þeim að finna hreyfingu við hæfi í samræmi við ástand og getu hvers. Ég kenni einnig ellefu hóptíma á vegum Ljóssins, bæði í húsi Ljóssins á Langholti og í Hreyfingu í Glæsibæ. Þessir tímar eru aðeins ætlaðir fólki sem kemur á vegum Ljóssins.“

Fjölmargin í boði

Haukur segir að mikið framborð sé á líkamsrækt á vegum Ljóssins:

„Á Langholti og veginum eru jóгатímar, göngur og stoðfimi. Jóгатímarir eru á mismunandi erfiðleikastigum svo að flestir ættu að finna jóga við hæfi þar. Gangan er tvisvar sinnum í viku og það sama á við um stoðfimina en þeir tímar byggja á styrkjandi æfingum fyrir stoðkerfið og henta sérstaklega vel fólki sem treystir sér ekki í almenna líkamsrækt í Hreyfingu.“

Haukur segir einnig margt í boði í Hreyfingu í Glæsibæ:

„Í Hreyfingu í Glæsibæ eru almennir líkamsræktartímar á mánudögum, miðvikudögum og föstudögum kl. 10:00. Hver tími skiptist í þolþjálfun, styrktarþjálfun og svo teygjur og slökun í lokin. Á miðvikudögum eru einnig tímar sem heita BodyBalance kl. 13:10. Þeir tímar eru skammtileg blanda af jóga, tai-chi og pilates og ganga út á að styrkja kvið, bak og allan líkamann, liðka sig og bæta jafnvægi. Á þriðjudögum og fimmtudögum er svo í boði einkaþjálfun fyrir ungt fólk. Tímarnir fyrir ungu konurnar eru kl. 13:30 og fyrir ungu karlmennina kl. 14:30.“

Við þetta má svo bæta að Ljósberum stendur til boða að fá kennslu á tækin í tækjasal Hreyfingar á vegum Ljóssins þar sem viðkomandi getur fengið æfingaáætlun til að æfa eftir á eigin vegum. Haukur nefnir einnig að verði á allri líkamsrækt á vegum Ljóssins sé stillt svo mjög í hóf að nánast allir ættu að geta nýtt sér hana.

Haukur er ekki í vafa um gildi líkamsræktarinnar í Ljósinu, bæði andlega og líkamlega:

„Hreyfing er gríðarlega mikilvægur þáttur til að draga úr aukaverkunum af völdum krabbameinsmeðferðar, t.d. til að draga úr þreytu, orkuleysi, ógleði, depurð og verkjum. Hún er einnig lykilatriði í að endurhæfa líkamann eftir meðferð til að ná upp þreki og þrótti til að bæta heilsu, líðan og almenn lífsgæði. Hreyfing hefur einnig fyrirbyggjandi áhrif gegn



Haukur Guðmundsson
sjúkráþjálfari.

ýmsum sjúkdómum en það er eitthvað sem er öllum mikilvægt sem kynnst hafa því að tapa heilsunni.“

Fagleg ráðgjöf mikilvæg

Margir Ljósberar sem kynnst hafa Hauki vita sjálfsgagt að hann talar að hluta af eigin reynslu þar sem hann sjálfur hefur reynt að greinast með krabbamein. Hann hefur sérhæft sig í þjálfun þeirra sem greinst hafa með krabbamein og vinnur meðal annars að rannsókn á heilsufari fólks eftir krabbameinsmeðferð og býst við að ljúka henni á næsta ári. Hann veit því vel að það getur skipt miklu að fá leiðsögn sérfræðings sem þekkir inn á þarfir þeirra sem greinst hafa með krabbamein:

„Krabbameinsmeðferðir eru mjög misjafnar eftir eðli og stignun meinsins sem og ástandi þess sem greinist. Aukaverkanir og kvillar sökum meðferðarinnar eða meinsins geta verið mjög fjölbættar og alls ekki augljósar. Með því að fá faglega ráðgjöf áður en hafist er handa við að leggja stund á líkamsrækt og hreyfingu má finna þjálfun við hæfi og mögulega koma í veg fyrir að fólk geri eitthvað sem gæti valdið meiri óþægindum en ávinningum. Það eru margir þættir sem þarf að horfa til sem ekki allir hafa þekkingu á, t.d. hvar í sjúkdómsferlinu viðkomandi er, hvernig blóðgildin eru og svo mætti lengi telja.“

Við báðum Hauk að lokum að fara yfir nokkrar af þeim almennu ábendingum um hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl sem hann fer yfir í viðtölum sínum:


„Mikilvægasta ábendingin er að hvetja fólk til að finna sér einhvers konar hreyfingu sem hægt er að gera að lífsstíl. Einfaldasta hreyfingin fyrir flesta er ganga og hafa flestir kost á því að fá sér göngutúr flesta daga vikunnar. Það er einnig æskilegt að stunda styrkjandi æfingar a.m.k. einn til tvo daga í viku. Svo verður maður að finna hvernig stuðning maður þarf og vill, sumir vilja vinna einir og aðrir vilja fá stuðning frá fagfólki eða hópum. Maður verður að prófa sig áfram þangað til maður finnur eitthvað sem hvetur mann áfram og maður getur gert að lífsstíl.“

Komu og einstaklingstölur í Ljósinu 2014

Það er alltaf mjög mikill fjöldi sem sækir fjölbreytta þjónustu Ljóssins.

Hér má sjá yfirlit sem af er ári bæði hve margir einstaklingar nýta sér þjónustuna á mánuði og eins komur í hópa.

Allar komur eru skráðar í Sögukerfið en SAGA er notuð fyrir rafræna skráningu og úrvinnslu heilbrigðisgagna. SAGA hefur verið í stöðugri þróun í samvinnu við heilbrigðisstarfsfólk frá árinu 1993 og er notuð á öllum helstu heilbrigðisstofnunum landsins.



Komu og einstaklingstölur í Ljósinu 2014

	JAN.	FEB.	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ	ÁGÚST	SEPT.	OKT.	NÓV.	DES.	ALLS
Einstaklingar	288	324	348	321	260	242	140	211	323				2457
Komur í hópa	1215	1600	1423	1385	1200	788	374	651	1463				10099
KK	288	403	419	290	222	128	68	113	305				2236
KVK	932	1221	1158	1095	978	627	306	538	1158				8013
Nýjir	20	26	13	16	16	25	12	21	27				176

Heil máltíð í flösku

Næringarvörur
eru í samningi við
Sjúkratryggingar
Íslands

**6
BRAGÐ
TEGUNDIR**



Flaska - 200ml

400 kcal • 18g prótein • 5g trefjar



Apríkósa • Jarðarber • Skógarber • Vanilla • Kaffi • Súkkulaði



Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16

108 Reykjavík

Sími 580 3900

www.fastus.is

Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

Ung og greind

Það eru ekki sérlega miklar líkur á því að greinast ungur með krabbamein. Enn þá ólíklegra er þó að ung hjón greinist bæði með krabbamein, einungis með örfárra ára millibili. Það var samt það sem hjónin Unnur Ösp Guðmundsdóttir og Karl Hreiðarsson hafa þurft að ganga í gegnum á undanförunum árum. Þau hafa því bæði reynt hvernig er að vera sjúklingur og aðstandandi og þekkja því starfsemi Ljóssins ef til vill frá fleiri hliðum en margir aðrir. Ljósíð tók þau tali og ræddi þessa sérstæðu reynslu þeirra.

Unnur Ösp varð fyrri til að veikjast, hún greindist með brjóstakrabbamein vorið 2007 en þá voru þau hjónin nýbúin að eignast sitt fyrsta barn:

„Ég komst fljótlega í aðgerð og við tók hörð meðferð en aukaverkanirnar voru ekki jafnslæmar og maður hefði haldið.“ Karl segir að þau hafi séð auglýstan makahóp í Ljósinu og upp frá því tóku þau þátt í starfseminni. Karl fann strax að það gerði honum mjög gott:

„Ég fann þegar ég kom í makahópinn að ég hafði þörf fyrir að tala við einhvern í svipaðri stöðu því ég var búinn að lesa mér til og var ekkert allt of bjartsýnn sjálfur fyrir Unnar hönd þó ég vildi ekki mikið vera að básúna það innan heimilisins. Þannig að ég hafði gríðarlega gott af því að hitta fólkið í makahópnum og ég hef síðan hálfpartinn litið á þetta fólk sem bjargvætti minnar geðheilsu á þessum tíma. Það var sérstaklega gott að geta bara hispurslaust opinberað ótta sinn innan hópsins. Þetta var svo óvenjuleg staða að vera í fyrir 28 ára mann sem átti alls ekki von á því að þurfa að velta spurningum um líf og dauða fyrir sér. Þess vegna var það ótrúlega mikil frelsun í því fólgin að ræða málin þar.“

Ömmur í hverju horni

Unnur Ösp segist mikið hafa stundað Ljósíð á þessum tíma og komið nokkrum sinnum í viku:

„Ég setti mér það markmið að fara út á hverjum degi til að hafa eitthvað fyrir stafni og dreifa huganum frá glímunni við krabbameinið. Starfið var mjög fjölbreytt og allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi. Það var rosagott að hitta fólk með sömu reynslu og maður sjálfur og geta talað opinskátt við fólk án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því að maður væri að hræða það.“ Þegar Unnur Ösp og Karl kynntust starfi Ljóssins var það enn að slíta barnsskónum og starfaði í kjallara Neskirkju. Þau segja að ótrúlega mikið hafa gerst á þeim tíma sem síðan er liðinn í sögu Ljóssins:

„Dagskráin var reyndar strax þarna í byrjun mjög flott en síðan hefur vöxturinn í starfinu verið alveg lygilegur. En auðvitað var þetta minna í sniðum þarna í upphafi.“

Unnur Ösp rifjar upp að í byrjun hafi hópurinn í Ljósinu mikið til samanstaðið af fólki sem var töluvert eldra en þau tvö:

„Ég var stundum sú eina í yngri kantinum en það truflaði mig reyndar ekki neitt. Ég kom alltaf með strákin minn með mér

sem þá var pínulítill og þá spruttu fram ömmur úr hverju horni. Hann lét sér það mjög vel líka.“

Karl segir að þeim hafi þótt vænt um hvernig strax var reynt að koma til móts við þau:

„Þegar við komum með strákin, þá var drifið í því að kaupa leikföng og annað fyrir börn svo að fólk eins og við gæti komið með börnin sín og notið sín á staðnum. Það var reynt að koma til móts við alla og tryggja að allir væru velkomnir. Þannig er það enn í Ljósinu.“

Fundum mikla hlýju og stuðning

Veikindi Unnar Aspar komu vitanlega öllu fólkinu hennar í opna skjöldu, enda var hún ung kona og þar að auki nýbúin að eignast barn. Hvernig tóku vinirnir og aðrir nákomnir tíðindunum?

„Það kom okkur á óvart hvað allir reyndust okkur vel. Við vorum alla tíð opinská um þetta allt saman og það auðveldaði fólk kannski að velta þessu fyrir sér með manni. Maður hafði heyrt að við svona áföll gæti það gerst að maður kæmist að því hverjir eru vinir manns og hverjir ekki. En í okkar tilfelli reyndust allir vel og stóðu með okkur.“

Karl segir það hafa verið sérstaklega eftirminnilegt fyrir þau að snúa aftur til Húsavíkur um sumarið, á heimaslóðir þeirra beggja:

„Þegar við komum þangað í frí í júlí eftir greiningu og aðgerð hjá Unni þá var alveg sama hvar við komum, alls staðar fundum við mjög mikla hlýju og stuðning og fólk sagðist hugsa til okkar.“

Allt hefur gengið mjög vel upp frá þessu hjá Unni og hún hefur ekki greinst aftur. Hún segist ekki vera fullkomlega eins og hún var fyrir greiningu, þreytist t.d. enn og hafi ekki fullt bragðskyn, en að öðru leyti finnur hún ekki fyrir nokkru sem truflar hana í daglegu lífi.

Önnur greining

Árin liðu svo hjá parinu en það var svo haustið 2013 sem annað áfall dundi yfir þegar komið var að Karli að greinast með krabbamein:

„Ég leitaði til heimilislæknis eftir að hafa verið bent á kýli á hálsinum og var þar með sendur af stað í meðferð af sama lækni og Unnur leitaði til nokkrum árum áður. Þetta leit ekki mjög vel út í byrjun en ég var heppinn með að fá aðgerð bara viku

eftir greiningu þar sem skjaldkirtillinn var fjarlægður og meinið þar með líka. Aðgerðin heppnaðist mjög vel og ég var fljótur að jafna mig eftir aðgerðina. Hún skildi eftir sig svo pent ör að það sést varla.“

Karl fór svo í geislameðferð í janúar og dvaldi þá meðal annars um tíma í kjallaraíbúð frænku sinnar í Borgarnesi þar sem meðferðin gerði það að verkum að hann mátti ekki vera inni á heimilinu meðal barnanna sinna.

Hvernig varð Unni við að vera þarna allt í einu komin í hlutverk aðstandandans?



„Ég hef alltaf haldið því fram, frá því að ég greindist sjálf, að það er að mörgu leyti erfiðara að vera aðstandandi en sjúklingur. Að vissu leyti fannst mér það sannast hjá sjálfri mér. Maður verður svo máttlítill og finnst maður lítið geta gert. Það gerði okkur þó gott að hafa gengið í gegnum mitt krabbamein á undan sem að mörgu leyti var erfiðara viðureignar. Þá fannst okkur ferlið hjá Karli í raun tiltölulega auðvelt viðfangs, svona í samanburðinum.“

Þrátt fyrir að þau hafi þannig geta leitað styrks í fyrri reynslu var það þó einnig erfitt að takast á við að þurfa að ganga í gegnum sömu lífsreynsluna, einungis nokkrum árum eftir fyrra tilvikið:

„Óvissutímabilið er í raun verst, þegar maður er að bíða eftir niðurstöðum greiningar og veit ekki neitt á meðan. Þá er hver mínúta heil eilífð. Einnig fannst okkur erfitt að þurfa að ganga á fjölskyldumeðlimi aftur að segja fólki þetta. Fólk trúði því varla að þetta gæti gerst aftur hjá ungu fólki sem í ofan á lag lifir heilsusamlegu lífi og hefur enga ættarsögu varðandi krabbamein.“

Leituðu styrks í Ljósinu

Unnur hafði ekki sagt alveg skilið við hópinn úr Ljósinu í millitíðinni og þegar Karl greindist var hún enn hluti af svokölluðum Skvísu- og gæjahóp sem er hópur ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein og hóf á sínum tíma að hittast í Ljósinu. Unnur segir að þessi félagsskapur hafi veitt henni mikinn styrk þegar að Karl greindist.

„Ég byrjaði á sama tíma aftur í hreyfingu á vegum Ljóssins. Þá hafði ég náttúrlega fengið smá áfall og orkan fór niður í ekki neitt. Ég fór því til Hauks, sjúkraþjálfara í Ljósinu, og var hjá honum allan síðasta vetur og hann reyndist mér mjög vel.“

Karl leitaði einnig til Hauks þegar að geislameðferðinni lauk nú í ársbyrjun:

„Haukur mældi þrekið hjá mér og setti mig í prógramm út

frá því. Ég hef verið hjá honum síðan og þrekið er allt annað. Í dag finn ég ekki að ég hafi fengið krabbamein og er sjálfsagt í betra formi en ég var áður en ég greindist. Það hefur verið mjög dýrmætt að komast í hreyfinu á vegum Ljóssins vegna þess að ef það hefði ekki komið til þá hefði ég sjálfsagt ekkert spáð í það að splæsa í líkamsræktarkort. Ég er því gríðarlega þakklátur Ljósinu og Hreyfingu fyrir það því annars hefði maður kannski bara vorkennt sér og hlíft sér en maður þurfti ekkert frekar á þessum tíma en einmitt hreyfingu. Það var lykilatriði í því að ég komst tiltölulega fljótt út á vinnumarkaðinn og ferlið tók mun skemmri tíma en ella.“

Þau eru sammála um að það sé mjög mikilvægt að njóta leiðsagnar manns eins og Hauks sem hefur sérhæft sig í líkamsrækt sem hentar krabbameinsgreindum og þeim sem eru að byggja sig upp eftir krabbameinsmeðferð:

„Haukur veit hvers hann getur krafist. Hann er ekki of góður við mann en fer samt ekki of langt. Það er líka góður félagsskapur í hóptímum í Hreyfingu meðal þeirra sem voru þarna að byggja sig upp eftir meðferð.“

Karli hefur einnig gengið allt í haginn eftir þessi óvæntu tíðindi og atburðarásina í kjölfar þeirra síðasta vetur. Hann fór í sína fyrstu stóru skoðun fyrr í haust og allar niðurstöður úr þeim mælingum voru góðar.

Börnin lítið tekið þetta inn á sig

En hvernig hafa börnin brugðist við öllu þessu sem fjölskyldan unga hefur þurft að ganga í gegnum á undanförunum árum? Karl segir að þau hafi velt því þónokkuð fyrir sér:

„Strákurinn okkar, sem fæddist skömmu fyrir greiningu Unnar, er núna orðinn sjö ára. Hann mundi auðvitað ekkert eftir fyrra skiptinu en við höfðum nokkrar áhyggjur af því hvernig hann myndi taka þessu núna. Við veltum því fyrir okkur hvernig við ættum að segja frá þessu án þess að fylla hann ótta. Við

ræddum þetta við hann og hann spurði eitthvað en hann virtist taka þetta lítið inn á sig. Við ákváðum samt þegar við sáum auglýst námskeið fyrir börn í Ljósinu í vetur að skrá hann á það svo hann fengi tækifæri til að ræða þetta ef hann vildi. Við öll vorum mjög ánægð með það.“

Karl segir að samtal sem þeir feðgar áttu óvænt í sumar hafi sannfært þau um að líklega hafi þetta allt saman ekki skilið eftir djúp spor í sál barnsins:

„Það var eitthvað verið að fjalla um krabbamein í útvarpinu og hann spurði mig út í það. Þá minnti ég hann á að ég hefði fengið krabbamein í vetur en þá kom hann alveg af fjöllum. Það fannst okkur í raun mjög ánægjulegt og merki um að þetta hefði ef til vill ekki valdið honum miklu hugarangri.“

Tryggingarnar bjargað miklu

Unnur er leikskólakennari á leikskóla í Grafarvogi og Karl starfar sem tölvunarfræðingur hjá VÍS. Þau hafa verið mjög þakklát vinnuveitendum sínum fyrir þann liðleika og skilning sem þeir

hafa sýnt þeim meðan á þessu öllu hefur staðið. Karl segir einnig að starf sitt hjá tryggingafélagi hafi gert það að verkum að þau voru óvenjulega vel tryggð miðað við marga á þeirra aldri og það hafi skipt þau sköpum fjárhagslega:

„Tryggingarnar hafa bjargað miklu um okkar fjárhag. Fólk tekur kannski ekki mikið mark á mér þar sem ég vinn hjá tryggingafélagi en það er full ástæða til að hvetja alla til að tryggja sig svo auðveldara sé að takast á við viðlíka ferli og við höfum þurft að ganga í gegnum. Það er nefnilega mjög dýrmætt að þurfa ekki að hafa áhyggjur af fjármálunum ofan í allt annað sem þarf að takast á við.“

Unnur Ösp og Karl eru bundin Ljósinu tryggðarböndum og enda á því að segja að þau voni að þakklæti þeirra til Ljóssins hafi komist á framfæri í spjallinu:

„Það er alveg sama hvað manni dettur í hug að gera. Þau eru opin fyrir öllu og að koma til móts við alla.“

Undanfarin misseri hafa verið haldin 8 vikna námskeið fyrir þær konur sem eru nýlega greindar með krabbamein. Þessi námskeið eru mikilvægur liður í þjónustu Ljóssins. Sambærileg námskeið eru haldin fyrir karlmenn.

Jafningjastuðningur og fræðsla fyrir nýgreindar konur

Markmiðið með námskeiðinu er að konur í svipuðum sporum fái fræðslu frá fagfólki, tíma til að ræða saman og þannig spegla sig við aðra í þessum aðstæðum. Reynslan sýnir að það að fá greiningu og meðferð við krabbameini getur haft margvísleg áhrif á daglegt líf. Tilveran verður ekki söm við það að fá greininguna og læknismeðferð í kjölfarið getur verið erfið fyrir líkama og sál. Þau hlutverk sem konurnar eru vanar að takast á við daglega geta raskast verulega. Eðli sjúkdómsins hefur þó sitt að segja um hvernig álagið verður. Sumar konur draga sig inn í skel til að hlífa sér og sínum nánustu. Mörgum finnst meðferðin rýra kvenleikann, líkamsmyndin brenglast og sjálfsöryggi dvínar. Álagið sem sjúkdómsgreiningunni fylgir leggst ekki aðeins á einstaklinginn sjálfan heldur einnig á félagslegt umhverfi hans, fjölskyldu og vini. Álag sem felur í sér ógn veldur oft uppnámi og sorg og sárar tilfinningar geta komið upp. Örvænting, sektarkennd, einangrun og reiði leitar oft á þá sem glíma við sorg og í kjölfarið fylgir stundum depurð með áhugaleysi og vonleysi.

Það er mjög mikilvægt að skapaður sé vettvangur í traustu og notalegu umhverfi til að ræða þessi mál. Á námskeiðinu koma að fagaðilar, eins og iðjuþjálfari, sjúkraþjálfari, hjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, félagsráðgjafi, djákni og jógakennari. Fagfólkið



hefur allt reynslu af því að vinna með krabbameinsgreindum og sumir hafa sjálfir reynslu af því að greinast með krabbamein.

Það sem rætt er á námskeiðunum eru málefni eins og að takast á við breyttar aðstæður, hvaða áhrif hefur greining og meðferð á líkama og sál, mikilvægi þess að byggja upp orku og þrek, að horfast í augu við eigin tilfinningar, fjölskyldan og samskipti hennar og fleira. Í lokin er alltaf farið í stutta slökun.

Mikil ánægja hefur verið með þessi námskeið og oftast en ekki heldur hópurinn áfram að hittast hér í Ljósinu, annað hvort í hádegismat eða yfir kaffibolla.

Erna Magnúsdóttir
Forstöðumaður/yfiriðjuþjálfari Ljóssins

Deila reynslu, þiggja ráð og öðlast von



Sigurbjörg Karlsdóttir, Hildigunnur Daníelsdóttir og Guðrún Kristín Svavarsdóttir hafa allar sótt námskeið í Ljósinu fyrir nýgreinda. Þær eru sammála um gagnsemi námskeiðsins, bæði vegna fræðslunnar sem þar fer fram og reynslunnar sem þátttakendur deila sín á milli.

Þær voru fyrst beðnar um að lýsa upplifun sinni af námskeiðinu. Sigurbjörg segist hafa frétt af Ljósinu mánuði eftir greiningu síðasta vetur: „Það var ótrúlega dýrmætt að koma í Ljósið og á námskeiðið. Ég var með margar spurningar sem öllum var svarað á námskeiðinu. Það myndast mikil samkennd í hópnum og við náðum vel saman. Fyrirlesarar voru allir með frábært efni, það var fjölbreytt og gagnlegt.“

Þær Hildigunnur og Guðrún Kristín segja sömu sögu um upplifun sína af námskeiðinu.

Þegar þær eru spurðar um eitthvað eitt sérstaklega markvert eða gagnlegt af námskeiðinu þá nefna þær styrkinn sem fólst í því að hlýða á Ljósbera sem gengið höfðu í gegnum sömu reynslu en hafði tekist að vinna sigra í baráttunni:

„Það var gott að heyra og sjá frá einstaklingum sem höfðu greinst og hvað þau höfðu gert til að koma sér í gegnum svona verkefni. Það róar hugann að sjá svo hvað þau voru sterk og flott eftir meðferð,“ segir Guðrún Kristín og bætir því við að líka hafi verið gott að kynnst nýgreindum einstaklingum sem voru á sama stað í meðferðinni:

„Þau höfðu oft svörin við ótrúlegustu spurningum. Þar fékk maður skilning og stuðning á því sem maður var að ganga í gegnum. Það var alveg ómetanlegt.“

Undir það taka Sigurbjörg og Hildigunnur.

Þær segja að það hafi ótvíræða kosti í för með sér að stefna á þennan hátt saman hópi nýgreindra og nefna þá aftur til sögunnar hversu dýrmætt sé að deila sameiginlegri reynslu og hlusta á ráð annarra sem lengra eru komnir, bæði til að fá upplýsingar og öðlast von um bjarta framtíð.

Viðbrögð við krabbameinsgreiningu eru vissulega upp að ákveðnu marki einstaklingsbundin en þó leynir sér ekki að ýmislegt upplifa flestir á viðlíka hátt. Þær nefna allar til sögunnar áfall, ótta, kvíða og óvissu þegar þær eru beðnar um að lýsa því sem er sameiginlegt reynsluheimi nýgreindra. Í því ástandi sé mjög mikilvægt að komast í samband við aðra í svipaðri stöðu.

„Fólk er þarna væntanlega enn að vinna sig út úr áfallinu við að fá þessa greiningu, er líklega í sömu þokunni og ráðaleysinu og maður upplifði sjálfur. Þetta er svo nýr og ógnvænlegur heimur og þá er svo gott að fá þennan stuðning frá fagaðilum Ljóssins og svo frá hópnum sjálfum,“ segir Hildigunnur.

Þær hinar eru sammála þessu og Sigurbjörg bætir því við að þó að oft hafi verið erfitt hafi líka verið gaman og mikið hafi verið hlegið.

Hildigunnur áréttar í lok spjallsins mikilvægi þess að hlúð sé að andlega þættinum hjá nýgreindum, líkt og gert er á námskeiðunum í Ljósinu: „Ég held að við höfum allar verið sammála um það að maður þarf miklu meiri andlegan stuðning fyrr í ferlinu. Það er í rauninni jafnmikilvægt að hitta sálfræðing og krabbameinslækni. Það þarf að hjálpa manni að vinna úr áfallinu og veita manni stuðning til að takast á við þetta stóra verkefni sem setur allt líf manns úr skorðum.“

Myndaopna





Af hverju vinnum við með handverk í Ljósínu?



Allt frá upphafi Ljóssins hefur handverk skipað stóran sess í þjónustunni. Það er hugsun á bak við allt starf Ljóssins og svo á líka við um handverkið. Í hugmyndafræði iðjuþjálfunar segir meðal annars að iðja gefi lífinu gildi og tilgang auk þess sem hún hefur áhrif á heilsu, vellíðan og lífsgæði.

Jóhanna Björt Guðbrandsdóttir gerði árið 2012 rannsókn (Ljós í myrkri) í tengslum við meistaranám í tómstunda- og félagsmálafræði á tómstundaiðju kvenna með brjóstakrabba-mein. Hún talaði m.a. við nokkrar konur í Ljósínu. Niðurstöður þeirrar rannsóknar bentu til þess að þátttaka í tómstundum sé mikilvægt bjargráð þar sem tómstundir eru uppbyggjandi og sjálfsefandi, andlega og líkamlega. Stuðningur getur komið í veg fyrir félagslega einangrun, vanlíðan og fólki gefst tækifæri á að stækka tengslanet sitt.

Við sem störfum í Ljósínu höfum upplifað hvernig sköpunargleðin á við þann fjölbreytta hóp af krabbameinsgreindum sem nýta þjónustuna. Sköpun hefur fylgt iðjuþjálfun frá upphafi og var talað um að heilsa og listsköpun tengdust og þannig hefði sköpunin læknaði áhrif. Í því sambandi var litið á handverk sem andlega upplýftingu sem ýtir undir sköpunargáfu og andagift auk þess að fylla upp í tómarúm í lífi fólks. Það að taka þátt í skapandi athöfnum og að framkvæma er álitnið hafa meðferðarlegt gildi og að skapandi athöfn eigi sitt eigið líf.

Rannsóknir benda einnig til þess að tómstundaiðja sem er innihaldsrík eflir fólk í að hafa stjórn á aðstæðum og minnki streitu. Þátttakan veitir þannig einstaklingum ábyrgð og tilfinningu um að skipta máli auk þess að veita skemmtun og slökun.

Það er engin tilviljun sem ræður því að handverkið skipar stóran sess í starfi Ljóssins. Við bjóðum upp á mjög fjölbreytta handverkshópa sem hæfa ungu fólki, konum og karlmönnum. Það fæðast margir listamenn í Ljósínu og útkoman talar sínu máli. Hóparnir hafa að leiðarljósi að það er gaman að koma saman, spjalla og hjálpa náunganum.

Þar að auki getur einstaklingurinn gert sér grein fyrir hvernig honum gengur að einbeita sér í hópnum, halda sér að verki og klára verkið og þannig fengið tilfinningu fyrir hvernig úthald til vinnu er. Handverkshóparnir snúast því ekki eingöngu um samveru og að skapa heldur er markmiðið einnig endurhæfing á þáttum sem stuðla að því að fólki gangi betur að snúa aftur til vinnu.

Oft sjáum við mjög stolta Ljósbera fara út með fallega muni sem enda svo kannski í jólapökkum fjölskyldunnar.

Við styrkjum Ljósíð



HS ORKA

kom | almannatengsl
stofnað 1986



VERO MODA®



Landsvirkjun

Blöðruhálshópur fyrir yngri karlmenn

Blöðruhálshópurinn svokallaði er nýr hópur í Ljósinu. Eins og nafnið gefur til kynna þá koma þar saman þeir sem greinst hafa með blöðruhálskrabbamein en hópnun er einkum ætlað að ná til yngri karla.

Jakob Garðarsson er í forsvari fyrir hópinn. Tímaritið tók hann tali til þess að fræðast ögn um starfsemi hópsins og byrjaði á því að spyrja um tilurð hans:

„Ég hafði orð á því við Ernu, framkvæmdastjóra Ljóssins, að mér fyndist vanta hóp fyrir yngri karlmenn sem hefðu greinst með blöðruhálskrabbamein. Karlmenn sem væru yngri en 67 ára, en í hverjum mánuði greinast um það bil fjórir, fimm sem eru á þeim aldri. Sá yngsti sem hefur komið til okkar er rúmlega fertugur. Hugmyndin var að búa til hóp þar sem menn gætu miðlað af reynslu sinni og nýgreindir gætu fengið stuðning og fræðslu. Erna tók vel í hugmyndina og vildi strax styðja við hana.“ Jakob var sjálfur beðinn um að leiða starf hópsins. Margt er til umræðu á fundum hans og það leynir sér ekki að þörfin á slíkum samkomum er rík:

„Það er mikið áfall að fá þá greiningu að vera með krabbamein í blöðruhál. Það vakna margar spurningar tengdar aðgerð og meðferð, mögulegum eftirmálum aðgerðar sem geta herjað misjafnlega á menn. Þar geta verið um að ræða þvaglekavandamál, getuleysi og þunglyndi svo eitthvað sé nefnt. Við höfum fengið gesti á fundina til að greina frá einhverju markverðu sem tengist sjúkdómnum, til dæmis kom Rafn Hilmarsson þvagfæraskurðlæknir á síðasta fund okkar fyrir sumarfrí.“

Þrátt fyrir að hópurinn hafi starfað tiltölulega stutt er þegar komin góð reynsla á starfsemin:

„Ég held að menn hafi verið ánægðir með fundina og fundist þeir gagnast vel. Hér geta menn miðlað af reynslu sinni, opnað sig með eigin vandamál, fengið fræðslu og hvatningu frá öðrum. Hér finna menn til samkenndar.“

Jakob segir að allir séu velkomnir á fundina, einkum þó þeir sem eru undir 67 ára aldri:

„Við erum að reyna að stýra því að fá yngri menn til að koma til okkar og reynum þess vegna að miða við 67 ára aldurinn, svona til að hafa einhver mörk á hópnun. Það er til hópur í Krabbameinsfélaginu sem heitir Góðir hálsar og þar eru menn á öllum aldri en sérstaklega eldri. Það er nú einu sinni þannig að ýmislegt aldurstengt sameinar menn. Í hópnun eru menn með sjúkdóminn á öllum stigum, sumir enn í baráttu og aðrir læknaðir en að berjast við eftirköst.“

Fundirnir halda áfram nú í vetur og stefnt er að því að hafa þá að minnsta kosti einu sinni í mánuði.

Jakob hvetur alla til þess að mæta og segir ekki máli skipta hvort viðkomandi er nýgreindur, í meðferð eða er læknaður. Allir sem telja sig eiga erindi í hópinn eru velkomnir.



Matarveisla í Ljósinu

Hótel Hilton eldaði fyrir Ljósið í tilefni af góðgerðarviku 22. október síðastliðinn. Eðlalkokkar frá VOX mættu á staðinn með veitingar. Það streymdi fólk í Ljósið og að loknum degi höfðu um 150 Ljósberar gætt sér á himneskum veitingum.

Global week of service er hjá Hilton alls staðar í heiminum vikuna 19.-25. október. Þá vill hótelskeðjan láta eitthvað gott af sér leiða til samfélagsins og Ljósið varð fyrir valinu í þetta skiptið.



Para/hjónanámskeið Ljóssins

Það að vera maki er eitt stærsta hlutverkið sem við sinnum á lífsleið okkar. Við tökumst á við svo ótalmargt með þeim einstaklingi sem við veljum sem okkar lífsförunaut, njótum svo margra og mismunandi stunda, upplifum svo margt, byggjum líf og framtíð á vonum okkar og væntingum ásamt því að takast saman á við það liðna og heila saman sár hvors annars. Maki okkar er sá einstaklingur sem við þekkjum best, eyðum mestum tíma með og okkur líður best með í daglegu lífi. Parasambandið er því sérstaklega mikilvægt og verðmætt samband.

Þegar annar aðilinn svo greinist með krabbamein finnst flestum eins og fótunum hafi verið kippt undan veröldinni. Frá þeim tíma þegar grunur kemur fyrst upp um að mögulega geti verið um krabbamein að ræða, í gegnum rannsóknir, staðfestingu, læknaheimsóknir, aðgerðir jafnvel, mismunandi meðferðir, aukaverkanir og bataferli sem getur tekið tíma, þá er makinn oftast sá sem maður leitar helst til eftir stuðningi, hvort sem maður er sá sem veikist eða hinn. Það er hins vegar ekkert grín að vera sterkur stuðningsaðili í miðju áfalli, í miðjum veikindum. Það er nefnilega flestum talsvert áfall að greinast eða eiga maka sem greinist með krabbamein. Áfall sem oft birtist í erfiðum tilfinningum sem reyna á lífsgleðina og lífið eins og við þekkjum það, áfall sem hefur áhrif á fólk og breytir svo ótal mörgu í venjum okkar og daglegri líðan.

Það er því svo að veikindi hafa áhrif á fólk, hafa áhrif á hugsun okkar og hegðun, viðbrögð okkar og túlkun á því sem gerist í kringum okkur. Veikindin hafa því auðveldlega áhrif á samskipti okkar og sambönd, þar með talið parasambandið sem er okkur svo mikilvægt. Það er jú í þeim samskiptum sem við erum mest við sjálf, það er þar sem við sýnum og segjum heiðarlegast frá



því hvernig okkur líður og það er einmitt þar sem það sýnir sig einna skýrast að við erum að ganga í gegnum eitthvað stórt, eitthvað erfitt og meira en við erum vön.

Það að huga að parasambandinu er því mikilvægt þegar veikindi herja á. Það er þá sem það er svo mikilvægt að bregðast við, að aðlagast breytingunum, að gera okkar besta til að búa okkur og fjölskyldu okkar sem bestan dag.

Á para/hjónanámskeiði Ljóssins er það parasambandið sem við fjöllum um. Það hvernig eðlilegt er að hlutirnir breytist í kjölfar veikinda, hvernig eðlilegt er að bregðast við og hvernig gott er að takast á við slíkt þannig að erfiðleikarnir skili vexti, sterkari tengslum og nánari samskiptum.

Parasambandið er okkur nefnilega svo verðmætt. Það hvernig okkur líður með maka okkar hefur svo mikið að gera með lífsgæði okkar og daglega getu til að takast á við þau verkefni sem verða á vegi okkar. Það er styrkur í sterkum stuðningsaðila, hvort sem maður er sá sem veikist eða makinn.

Mjöll Jónsdóttir
sálfræðingur

Við styrkjum Ljósíð



„Að vera saman og tala saman“

Hjónin Sigrún Marinósdóttir og Bergþór Pálmason eru ein þeirra sem sótt hafa paranámskeið í Ljósinu. Sigrún starfaði sem launafulltrúi hjá Reykjavíkurborg en er nú sjálfboðaliði í Ljósinu. Bergþór starfar í húsi í eigu „heldri borgara“, eins og hann sjálfur segir. Þau eiga fjögur uppkomin börn og sjö barnabörn og una sér best í sumarbústaðnum þar sem Bergþór segist fá útrás fyrir sitt föndur við timbur með hamar að vopni.

Sigrún greindist með krabbamein 2012 og hóf þá að sækja starfsemi Ljóssins. Þar sá hún auglýst námskeið fyrir pör og í kjölfar þess ákváðu þau hjónin að skrá sig:

„Þrátt fyrir að vera í sambandi þar sem tjáskiptin eru góð fannst mér ég ekki geta sagt Begga nákvæmlega hvernig mér leið. Þess vegna gripum við tækifærið þegar paranámskeiðið var auglýst,“ segir Sigrún.

Bergþór bætir því við að þau hafi verið sammála um að fara á námskeiðið til að fá betri skilning á liðan og hugsunum hvors annars í aðstæðum sem þau höfðu ekki kynnst áður og kunnu ekki nógu vel að takast á við.

Þau segja að námskeiðið hafi að hluta til byggst á því að hlýða á reynslu annarra en einnig var leitast við að veita ráð og svara spurningum: „Það var farið yfir breytingar á daglegu lífi, ólíkar upplifanir og áhrifaþætti í veikindum, áfallið þegar veikindin greinast og aðlögun að breyttum aðstæðum. Það voru settar fram mjög fjölbreyttar spurningar á tjaldi og sálfræðingurinn sem stjórnaði námskeiðinu fór yfir þær og leitaði svara hjá þáttakendum, þar sem hún kom með nánari útlistun sem hjálpaði þáttakendum að átta sig á svörum.“

Þau segjast svo hafa fengið heimavinnu sem hafi opnað augu þeirra fyrir nauðsyn þess að vera saman í baráttunni. Einnig segjast þau hafa haft gagn af hugrænni atferlismeðferð, sem boðið var upp á, og eins tjáskiptunum í hópnum.

Þegar þau eru beðin um að nefna eitthvað eitt sem stendur upp úr nefna þau bæði hjálpinu við að læra að skilja hvort annað betur í þessum nýju aðstæðum:

„Það var gott að fá svör til að ég geti skilið Sigrúnu betur, liðan hennar, tilfinningar og þarfir og geta þá verið henni meiri styrkur,“ segir Bergþór.

Sigrún samsinnir þessu: „Það var á hluta námskeiðsins um nándina og samskiptin sem ég uppgötvaði að það að tala við



Begga um það hvernig mér nákvæmlega líður núna á sálinni eða í líkamanum, hvort sem mér finnst það barnalegt eða kjánalegt, er besta leiðin til að hann skilji mig.“

Sigrún og Bergþór eru ekki í vafa um gagnsemi námskeiðsins:

„Námskeiðið leiddi til betri skilnings á okkur sjálfum og hvoru öðru. Það var mikilvægt að vera þarna með fólki sem er að upplifa það sama og við í lífinu. Þarna var fólk sem var í sömu sporum og við, að reyna að átta sig á því sem var að gerast vegna veikinda og takast á við ný og ókunn verkefni.“

Hjónin eru að lokum beðin um að deila af sinni reynslu til para í svipaðri stöðu. Bergþór segir þar að mikilvægt sé að bregðast rétt við og takast á við hlutina í sameiningu:

„Mín reynsla er að leita saman svara, því þegar svona vátíðindi skella á þá koma fram áður óþekktar tilfinningar sem við kunnum ekki að takast á við. Sjúkdómurinn tekur völdin í huganum, það verður ótti, öðruvísi áhyggjur, alveg nýjar áherslur sem skipta mestu máli og báðir aðilar lenda í alveg nýjum kringumstæðum sem hvorugt kann að takast á við. Þetta getur leitt til þess að parið fjarlægist hvort annað og einangrast.“

Sigrún tekur undir þetta og bendir á að báðir aðilar eru að takast á við ókunnt og erfitt ástand:

„Það skiptir miklu að vera saman og tala saman. Muna eftir því að sá sem er „ekki veikur“ er að ganga í gegnum sömu dyr og við sem erum veik. Þá er gagnlegt að fá aðstoð hjá fagfólki, eins og hér í Ljósinu.“

Við styrkjum Ljósíð



Bókahornið

Við fjöllum að þessu sinni um tvær nýlegar bækur á íslensku sem báðar fjalla um það þegar foreldri fær krabbamein.



ÞEGAR FORELDRI FÆR KRABBAMEIN

Í bókinni Þegar foreldri fær krabbamein er fjallað á hreinskilinn og nærfærinn hátt um það krefjandi verkefni að ala upp börn og lifa gefandi fjölskyldulífi þegar foreldri glímir við krabbamein. Bókinni er ætlað að auðvelda foreldrum og aðstandendum að ræða við börn um erfið veikindi og takast á við það sem þeim fylgir.

Barnabókin Begga og áhyggjubollinn fylgir með fræðslubókinni en það er myndskreytt saga um sjö ára stúlku sem á móður með krabbamein. Sagan er sögð út frá sjónarhorni barnsins og er ætluð til lestrar með eða fyrir börn í samræmi við aldur þeirra og þroska.

Bækurnar tvær eru skrifaðar af Wendy S. Harpham, lækni og þriggja barna móður, sem glímdi við krabbamein um nokkurra ára skeið. Bókin er gefin út í samstarfi við Kraft, stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur þess.

KRABBAMEINIÐ HENNA MÖMMU

Karitas hefur gefið út barnabókina „Krabbameinið hennar mömmu“ eftir Valgerði Hjartardóttur. Valgerður er hjúkrunarfræðingur, djákni og fjölskyldumeðferðarfræðingur. Hún er ein af eigendum Karitas hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu og hefur starfað þar um árabil.

Krabbameinið hennar mömmu er afrakstur meistararitgerðar Valgerðar en hún nam fjölskyldumeðferð við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands 2012. Valgerður hefur hlotið ýmsar viðurkenningar og styrki fyrir framúrskarandi meistararitgerð.

Krabbamein er fjölbreyttur og víðtækur sjúkdómur sem herjar á margar fjölskyldur. Tilgangur bókarinnar er að skapa umræður milli foreldra og barna um sjúkdóminn, meðferðir, tilfinningar og þær breytingar sem geta átt sér stað hjá fjölskyldunni.

Barnabókin segir sögu Eddu sem er 7 ára lífsglöð stúlka þegar móðir hennar greinist með krabbamein. Edda segir frá daglegu lífi sínu og fjölskyldunnar á meðan sjúkdómsferli móður hennar stendur.

Bókin er til sölu hjá Kirkjuhúsinu og Eymundsson. Einnig er hægt að kaupa bókina hjá Karitas hjúkrunar- og ráðgjafarþjónustu www.karitas.is, sími 551 5606, eða senda póst til karitas@karitas.is.



Heimahlynning

Heimahlynning er sérhæfð hjúkrunar- og lækniþjónusta ætluð sjúklingum með erfið einkenni vegna langvinnra sjúkdóma. Markmið hennar er að gera skjólstæðingum kleift að dvelja heima eins lengi og aðstæður leyfa. Einkenni og meðferð sem fylgja slíkum sjúkdómum geta tekið á og hamlað daglegu lífi. Starfsfólk Heimahlynningar býður skjólstæðingum og fjölskyldum þeirra aðstoð við að takast á við breyttar aðstæður. Heimahlynning starfar samkvæmt hugmyndafræði um líknarmeðferð.

Heimahlynningin þjónar höfuðborgarsvæðinu og er veitt í heimahúsum. Heimsóknir hjúkrunarfræðinga og lækna

eru skjólstæðingum að kostnaðarlausu. Þjónustan byggir á skipulögðum heimsóknum hjúkrunarfræðinga til skjólstæðinga. Fjöldi heimsókna er ákveðinn í samræði við skjólstæðinga og fjölskyldur þeirra eftir þörfum hverju sinni. Heimsóknir lækna ákvarðast af þörfum og mati á aðstæðum. Starfsfólk Heimahlynningar er í nánú samstarfi við aðra lækna skjólstæðinga. Hjúkrunarfræðingar eru á vakt allan sólarhringinn og lækni á bakvakt.

Heimahlynning er á jarðhæð líknardeildar í Kópavogi (hús 10). Hægt er að hafa samband með því að hringja í síma 543 6360 og upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu Landspítalans.

Grilltrix

Hluti af fræðslunni fyrir karlana í Ljósinu hefur verið kennsla í matreiðslu. Þar hefur Ingvar Guðmundsson kokkur komið að ásamt Matta Ósvald heilsuráðgjafa og fleirum.

Eitt af því sem bryddað hefur verið upp á eru svokölluð „grilltrix“: „Grilltrixin ganga út á það að undirbúa hráefnið vel áður, marinera kjöt, fisk eða grænmeti, búa til marineringar, kryddolíur, sósur - bæði kaldar og heitar - og síðan hvernig maður ber sig að við að grilla,“ segir Ingvar.

Hann segir að matreiðslunámskeiðin hafi verið honum mjög kær vegna þess að nemendurnir hafi verið áhugasamir og umfram allt skemmtilegir:

„Matreiðsla er list í sjálfu sér og þar skipar sköpunargleði ávallt mikinn sess. Ég er reyndar alltaf með sama matseðilinn á hverju námskeiði: sveppasúpu með nýbökðu brauði, kjúklingabringu með tómata og basilríssottó og fínt skorið grænmeti og heita súkkulaðitertu með þeyttum rjóma. Ég reyni að matreiða þetta á myndrænan og skemmtilegan hátt með gamansögum

með misjöfnu sönnunargildi. Þeir sem mæta taka virkan þátt í matreiðslunni og leggja einnig til í sögustundina og alltaf er endað á sameiginlegu borðhaldi og svo vaskar Matti upp. Við ræðum ekkert um veikindi þátttakendanna, við reynum fyrst og fremst að brjóta upp dagsmynstrið og hafa gaman þessa kvöldstund.“




Anita care

REVLON

amoena

Við erum með fjölbreytt úrval af gervibrjóstum, hárkollum og tengdum vörum fyrir einstaklinga sem gengið hafa í gegnum krabbameinsmeðferð. Eftiraðgerðarföt eru líka til sölu fyrir einstaklinga sem hafa farið í lýtaaðgerðir.

STOD
Við styðjum þig

www.stod.is - sími: 5652885

Við styrkjum Ljósið



≡ HÉÐINN ≡

VILA
CLOTHES



VALITOR



LINDIN
TISKUVERSLUN
Eyraveg 29 - Selfossi - Sími 482 1800



ECRS Ráðstefna í Kaupmannahöfn september 2014



Við þrír undirritaðir starfsmenn í Ljósinu sóttum í september síðastliðnum tveggja daga evrópska ráðstefnu í Kaupmannahöfn; „European Cancer Rehabilitation and Survivorship Symposium“ (ECRS). Ráðstefnan, sem er haldin annað hvert ár, var haldin nú í þriðja sinn. Daginn fyrir ráðstefnuna eru haldnar málstofur.

Á ráðstefnunni er fjallað um endurhæfingu krabbameinsgreindra, fylgikvilla krabbameins og um það að lifa sjúkdóminn af og/eða lifa með honum. Frætt er um nýjustu rannsóknir á sviði lífsgæða, meðferða og endurhæfingar krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra, bæði þegar fólk er í viðvarandi krabbameinsmeðferð og eftir að krabbameinsmeðferð lýkur, hvort sem um lækningu er að ræða eða ekki.

Nokkrir aðalfyrirlesarar halda erindi fyrir alla ráðstefnugesti og síðan eru fyrirlestraraðir sem skipt er niður í ákveðin þemu. Þá er einnig fjöldi veggspjalda með fjölbreyttum rannsóknum og verkefnum sem ýmist eru í vinnslu eða er lokið, sem í ár voru 99 talsins.

Á ráðstefnuna komu um 300 manns. Flestir voru frá Danmörku og hinum Norðurlöndunum en einnig frá Hollandi, Bretlandi, Þýskalandi og fleiri Evrópulöndum. Þá voru einnig þátttakendur frá USA, Kanada og Ástralíu.

Ein okkar; Rannveig Björk Gylfadóttir hjúkrunarfræðingur, var með veggspjald á ráðstefnunni. Veggspjaldið var útdráttur lokaverkefnis hennar til meistaraþrófs í hjúkrunarfræði sem hún lauk í október 2011. Verkefnið heitir: „Að takast á við lífið eftir krabbamein“: Fýsileiki ráðgjafameðferðar sem byggð er á hugrænni atferlismeðferð fyrir fólk með krabbameinstengda þreytu að lokinni krabbameinsmeðferð. Leiðbeinandi var Dr. Sigríður Gunnarsdóttir. Niðurstöður verkefnisins benda til þess að meðferðin sé fýsileg. Konunum sem tóku þátt í meðferðinni fannst verkþættir meðferðarinnar oftast hjálpa sér mikið við að takast á við þreytu og gáfu meðferðinni einkunnina 9,5 af 10 mögulegum stigum. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um minni vanlíðan, þreytu, kvíða og þunglyndi, sem nýst getur við þróun meðferðar í klínísku starfi og til framtíðarrannsókna með stærra og fjölbreyttara úrtaki.

Ráðstefnan var mjög fjölbreytt, margt kom fram áhugavert um líðan og endurhæfingu krabbameinsgreindra og aðstandenda þeirra. Í auknum mæli var vakin athygli á að margir eigi við ýmsa fylgikvilla að stríða þrátt fyrir að hafa lokið meðferð og þess vegna sé það nauðsynlegt að fylgja krabbameinsgreindum eftir lengur, jafnvel allt að tíu árum.

Mikilvægi jafningjastuðnings kom ítrekað fram á ráðstefnunni. Það er aukning á rannsóknum um það hvernig krabbameinsgreindir vilja hafa þjónustuna. Þar kom skýrt fram hve mikilvægt það er að fagfólk haldi utan um jafningjastuðninginn og að ákveðin umgjörð sé til staðar. Það ber þó að hafa í huga að þó að fræðsla og ráðgjöf fagfólks sé vissulega mjög mikilvæg er áriðandi að það sé meðvitað um það hvað jafningjastuðningur skiptir miklu máli. Árangur fræðslunámskeiða er bestur þegar bein fræðsla er 40-65% tímans og virkni þátttakanda á móti er 35-60% sem kemur þá meðal annars fram sem jafningjastuðningur.

Það var mikið rætt um „survivorship“, endurhæfingu við lok meðferða. Bandaríkjamenn eru komnir lengst í að skipuleggja hana, en þar fá um 50% þeirra sem eru krabbameinsgreindir endurhæfingaráætlun eftir að meðferð þeirra lýkur. Hollendingar eru líka framarlega í rannsóknum og innleiðingu nýrra leiða. Á veggspjöldum frá Hollandi voru meðal annars leiðbeiningar um endurhæfingarleiðir og hvernig hægt væri að framkvæma þær. Fyrirlestrar voru líka um endurhæfingu langveikra. Þar var lögð áhersla á að bæði líkamleg hreyfing og sálfélagslegur stuðningur sé mikilvægur, bæði á einstaklingshæfðan máta og sem hópstuðningur. Þar meg heldur ekki gleyma mikilvægi tilvistarlegra þátta og í því að hafa vonina að leiðarljósi. Finnar hafa sýnt fram á, með rannsóknum sínum, að sérhannað hópnámskeið fyrir þennan hóp bæti lífsgæði, sálfélagslega þætti, líkamlega getu og að fólk bjargi sér betur í daglega lífinu.

Aðeins var kíkt inn í framtíðina (e-Health) og rætt um það hvernig við munum geta nýtt okkur tæknina í auknum mæli á heilbrigðissviðinu (svo sem tölvu- og símataekni). Tæknin er nú þegar til staðar og kynnt var tilraunaverkefni sem lofar góðu. Það eru hins vegar ýmsir hindrandi þættir sem felast meðal

annarra í persónuverndarsjónarmiðum og mikilvægi þess að hanna „eldveggi“ sem tryggt geti öruggi persónugagna.

Áhugaverðir fyrirlestrar voru um langvinn áhrif einkenna eftir sumar krabbameinsmeðferðir, svo sem þreytu, taugaáhrifa (dofi/verkir) og aukna áhættu á hjartasjúkdómum.

Danir eru duglegir að gera rannsóknir á áhrifum tónlistar á fólk, þar á meðal krabbameinsgreinda. Rannsóknirnar beinast að tónlist sérsniðinni að hverjum og einum og að lifandi tónlist á meðan á krabbameinslyfjagjöf stendur. Þar voru áhugaverðar niðurstöður sem mætti örugglega yfirfæra á leiddar slökunarmeðferðir. Niðurstöðurnar sýndu áhrif lifandi tónlistar á losun ýmissa góðra boðfna sem minnka kvíða, ótta og verki. Margir fyrirlestrar og veggspjöld voru um hreyfingu og margsönnuð áhrif hreyfingar til þess að bæta bæði líðan og horfur krabbameinssjúklinga. Bent var á að það þurfi að rannsaka betur ávinninginn til lengri tíma lítið. Bera þarf betur saman allar rannsóknarniðurstöður og setja fram samræmdar verklagsreglur um hreyfingu fyrir krabbameinsgreinda.

Þetta var mjög áhugaverð og skemmtileg ráðstefna sem vex því oftast sem hún er haldin. Mikilvægt er að fagfólk sé meðvitað um og leggi enn meiri áherslu á þjónustu og rannsóknir í tengslum við endurhæfingu krabbameinsgreindra. Við verðum alltaf eldri og eldri og þeim mun því fjölga í framtíðinni sem fá

krabbamein. Á móti fleygir tækninni fram, sífellt fleiri læknastræði eða lífa lengur með sjúkdómnum. Fagfólk er orðið meðvitað um þetta, meðal annars að það þurfi að huga enn betur að hinum ýmsu fylgikvillum sem krabbameinsgreindir fá vegna krabbameins og krabbameinsmeðferða og upplifa jafnvel áfram þrátt fyrir að meðferð sé lokið.

Við fundum að mikil samsvörun var á milli margs á ráðstefnunni og þess sem við erum að gera hér í Ljósíð. Ljósíð er alltaf í stöðugri þróun og mótast eftir því hvar þörfin liggur hverju sinni. Þarfir ljósberanna hafa meðal annars verið metnar með þjónustukönnunum og mati á námskeiðum. Ljósberarnir hafa því áhrif á mótun nýrra úrræða í þjónustu Ljóssins. Dreift var á ráðstefnunni nýjum bæklingi á ensku um Ljósíð.

Það væri áhugavert að gera fleiri rannsóknir til þess að meta árangur ýmissa meðferða í Ljósíð og væri gaman að stefna að þeim á komandi árum. Mikilvægt er að fagfólk Ljóssins fylgist vel með öllum nýjungum og framþróun innan fagsins sem það gerir meðal annars með því að fara á svona ráðstefnu.

Heimasíða ráðstefnunnar er: <http://www.cancer.dk/ecrs/ecrs/>

Anna Sigríður Jónsdóttir iðjuþjálfari
Guðbjörg Dóra Tryggvadóttir iðjuþjálfari
Rannveig Björk Gylfadóttir hjúkrunarfræðingur

Golfmót til styrktar Ljósíð

Þann 5. júní síðastliðinn stóð Kiwanisklúbburinn Eldey fyrir golfmóti þar sem allur ágóði rann til Ljóssins. Þetta er í annað sinn sem Kiwanisklúbburinn styrkir Ljósíð með þessum hætti en hann hélt sams konar golfmót í fyrrasumar. Að þessu sinni var fyrirtækjum boðið að kaupa holl á mótinu og bjóða viðskiptavinum sínum að taka þátt og styrkja þannig góðan málstað. Alls tóku átján fyrirtæki þátt í mótinu og ræst var samtímis út af öllum teigum.

Það var eftir því tekið hvað Kiwanismenn lögðu sig fram í mótshaldinu og gættu þess að allt færi fram samkvæmt áætlun. Dekrað var við mótsgesti með glæsilegum veitingum á meðan leik stóð auk þess sem boðið var upp á léttan morgunverð áður en mótið hófst og heitan mat í mótslok.

Leikið var eftir Texas Scramble (tveggja manna) fyrirkomulagi og voru helstu úrslit eftirfarandi:

1. sæti Arnór Ingi Finnbjörnsson og Örn Bergmann 62 högg nettó
2. sæti Vignir Hlöðversson og Jón Elvar 65 högg nettó
3. sæti Ólafur Magnús Magnússon og Magnús Kristinn Ingason 65 högg nettó



Nándarverðlaun hlutu eftirtaldir:

2. braut: Ólafur Már Sigurðsson 101 cm
4. braut: Daníel Thomsen 193 cm
8. braut: Thomas Thomsen 178 cm
9. braut: Magnús Andrésson 544 cm
11. braut: Jóhann Guðni Jónsson 82 cm
17. braut: Ólafur Már Sigurðsson 47 cm

Ljósíð þakkar Kiwanisklúbba Eldeyar fyrir ómetanlegan stuðning.

„Ég er flokksbróðir“

Snorri Ingimarsson lækni er einn þeirra fjölmörgu sem koma við sögu í Ljósinu sem reynt hafa að standa beggja megin borðsins; bæði verið öðrum stoð og stytta sem sérfræðingur í krabbameinslækningum og síðan reynt það sjálfur hvernig það er að greinast með krabbamein. Hann hefur sérhæft sig bæði í krabbameins- og geðlækningum og meðal annars miðlað af reynslu sinni meðal Ljósbera.

Snorri féllst á að svara nokkrum spurningum tímaritsins og sagði okkur fyrst frá því hvernig starf hans með krabbameinsgreindum hefur komið til:

„Ég lærði læknisfræði við Karolinska-stofnunina í Stokkhólmi og var strax ákveðinn í að taka krabbameinslækningar sem sérgrein. Eftir á hef ég hugleitt að rótin að þeirri ákvörðun var sár reynsla mín af krabbameinsveikindum og dauðsföllum náinna ættingja minna. Ég lauk sérnámi í krabbameinslækningum og doktorsgráðu og varð dósent við Karolinska.“

Snorri segir að starfslega hafi verið erfitt að snúa heim en hann sjái þó ekki eftir þeirri ákvörðun. Á tíunda áratugnum varð hann síðan sérfræðingur í geðlækningum:

„Þá var í deigluinni vaxandi skilningur á sambandi krabbameins og geðraskana. Segja má að þunglyndi og kvíði séu algengir fylgifiskar greiningar krabbameins. Ég hef því getað stuðst við reynslu af þessum tveimur sérgreinum á starfsævi minni.“

Sjúklingurinn getur orðið týndur í eigin meðferð

Snorri hefur haldið fyrirlestra í Ljósinu, t.d. á samkomum sem ætlaðar eru körlum. Hverju er hann aðallega að segja þeim frá þar og hvað er það sem þá þyrstir mest í að vita?

„Það hafa orðið miklar framfarir á sviði krabbameinslækninga og þar hefur fylgt vaxandi sérhæfing starfsfólks. Þetta er tvímælalaust jákvætt en hefur þó þann ókost að sjúklingurinn hefur takmarkaða getu til að skilja og setja sig inn í flókin meðferðarferli. Sjúklingurinn getur orðið óvirkur og týndur í sinni eigin meðferð. Í samverustundum með krabbameinsgreindum í Ljósinu reyni ég annarsvegar að varpa ljósi á geðrænan þátt veikindanna og liðka fyrir almennt umræðu. Þar hefur Matti Ósvald verið slyngur við leiða umræðuna svo að ekkert gleymist.“

Finnst þér sérstök nauðsyn á því að koma til móts við karla varðandi andlega þáttinn við krabbameinsgreiningu og -meðferð? Eiga þeir erfiðara með að leita sér slíkrar aðstoðar en konur?

„Ég held að karlar almennt hafi átt erfitt með að leita sér aðstoðar gegnum tíðina vegna geðrænna erfiðleika. Þetta hefur samt breyst mikið á undanförunum árum. Ég hef fengið marga sjúklinga úr Ljósinu á stofu til mín. Þar koma jafnt konur



sem karlar. Eins hafa karlar komið að eigin frumkvæði á stofuna mína eftir að hafa tekið þátt í umræðunni í Ljósinu fyrir karla. Ekki ósjaldan er það maki krabbameinssjúklingsins eða aðrir ástvinir sem leita sér hjálpar þegar tilveran er yfirþyrmandi erfið.“

Mikilvægt að skima eftir geðröskunum meðal krabbameinsgreindra

Er hægt að lýsa því andlega áfalli sem krabbameinsgreining er sem ákveðnu ferli sem segja má að allir gangi í gegnum eða er það persónubundið?

„Flestum er greining krabbameins áfall af margvíslegum toga. Það eru í raun eðlileg og heilbrigð viðbrögð við ótíðindum. Uppnámið getur varað í vikur eða mánuði þangað til jafnvægi er náð á ný. Fólk er mismunandi fljótt að jafna sig og því ræður fyrri reynsluheimur þess, persónuleiki og fleira. Greining krabbameins getur verið áhættuþáttur fyrir geðheilsuna og oft leiða aðstæður til viðvarandi kvíðavandamála og vaxandi þunglyndis. Það er oft erfitt að greina geðræn veikindi innan um sjúkdómseinkenni krabbameinsins eða aukaverkana meðferðarinnar.“

Hvernig finnst þér úrræðin vera sem í boði eru til þess að standa vörð um geðheilsu krabbameinsgreindra?

„Úrræðin eru fyrir hendi og heilsutengd lífsgæði krabbameinsgreindra má bæta verulega þegar geðheilsan brestur. Vandinn er frekar að heilsubresturinn er vangreindur. Það er litið á það sem sjálfsagðan hlut að krabbameinsgreindir séu kvíðnir, niðurdregnir og utanveltu. Lærðum og leikum yfirsétt að fleiri en einn sjúkdómur herjar á viðkomandi einstakling. Á síðustu árum hefur samt færst í aukana að skimað er eftir geðröskunum meðal krabbameinsgreindra.“

Tómarúm skapast í tilverunni við útskrift

Margir sem gengið hafa í gegnum krabbameinsmeðferð lýsa því þannig að þeim finnst þeir standa á berangri þegar að meðferð lýkur og þá þyrmi jafnvel fyrst yfir suma, jafnvel þó að þeir eigi þá að teljast „læknaðir“. Þarf að gera meira fyrir þá sem hafa lokið meðferð en eiga þó margt óuppgert?

„Það vekur öryggistilfinningu að vera í stöðugu sambandi við meðferðaraðila á meðan á meðferð stendur. Við útskrift tekur enginn stuðningur við annar en eftirlit hjá læknum, oft eftir 3 til 6 mánuði. Við útskrift skapast tómarúm í tilverunni sem ekki er sjálfgefið hvernig fyllt verður. Tilvera Ljóssins svarar þar kalli sem og samhjálparrópar Krabbameinsfélagsins og fleiri. Við sjáum jafnvel birtingarmynd ástandsins í gríðarlegu framboði af óhefðbundnum leiðum til heilsu, fæðubótarefna með meiru. Ég hef þá skoðun að hæfing og stuðningur til heilsu eigi að fara af stað strax við greiningu krabbameins og í samstarfi við aðra meðferðaraðila.“

Hvernig finnst þér hlúð að andlega þættinum í starfi Ljóssins?

„Ljósíð hefur verið brautryðjandi á sínu sviði. Þar hefur verið unnið mikið starf og oft við þröngan kost. Það hafa verið forréttindi að leggja því hugsjónastarfi lið.“

Eins og sólarupprás að skilja að ég glímdi við sorg

Þú greindist sjálfur með krabbamein fyrir nokkrum árum. Hvernig var að ganga gegnum það ferli sjálfur eftir öll árin þar sem þú sinnir öðrum sem háðu sömu glímu?

„Það var sérstæð lífsreynsla. Ég var búinn að vera með hækkuð PSA gildi í blóði og til eftirlits hjá lækni í áratug og vissi að eitthvað var ekki í lagi í blöðruhálskirtlinum. Mér fannst ég vera í öruggum höndum og hafði ekki miklar áhyggjur af ástandinu. Það kom mér ekki á óvart þegar krabbameinið greindist en hins vegar kom mér verulega á óvart hversu illa ég tók tíðindunum. Eftir nokkrar vikur var ég kominn á fremsta hlunn með að leita til geðlæknis. Ég fann ekki að ég væri þunglyndur og fannst ég ekki heldur óeðlilega kvíðinn en eitthvað var úr skorðum. Það var svo eins og sólarupprás að uppgötva og skilja að ég glímdi við sorg. Ég syrgði sjálfan mig sem heilbrigðan mann. Þá rifjuðust upp orð konunnar sem greind var með krabbamein; „Ég fór ekki að lifa lífinu fyrr en ég hætti að syrgja sjálfa mig“. Svo er um okkur fleiri.“

Hvernig hefur þessi reynsla að fá krabbamein nýst þér í ráðgjöf við aðra krabbameinsgreinda?

„Mér finnst tekið meira mark á mér. Ég er flokksbróðir.“

YFIR NÁTTÚRU LEGUR VEITINGA STAÐUR



Laugavegur 20b · Engjateigur 19 · Hafnarborg Hafnarfirði
Sími 553 1111 · www.glo.is · #gloiceland

NUDD- SPA- og SNYRTIMEÐFERÐIR

Ljúfar stundir

í Blue Lagoon spa í Hreyfingu

Tímabókanir í síma 414-4004



HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND

Álfheimar 74
Sími 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

Styrktaraðilar

Eftirfarandi aðilar styrkja Ljósíð

Reykjavík

12 tónar ehf, Skólavörðustíg 15
A. Margeirsson ehf, Flúðaseli 48
A. Wendel ehf, Tangarhöfða 1
AB varahlutir ehf, Funahöfða 9
Aðalblíkk ehf, Bildshöfða 18
Aðallaginn slf, Engjasetli 67
Almenna bílaverkstæði ehf, Skeifunni 5
Anna Harðardóttir og Leifur Dungal
ARGOS ehf - Arkitektastofa Grétars og Stefáns, Eyjarlóð 9
Arka heilsvörður ehf, Sundaborg 1
Arkitektastofan OG ehf, Þórunnartúni 2
Arkís arkitektar ehf, Katrínartúni 2
Aros ehf, Sundaborg 5
Artdeco snyrtivörur á Íslandi, Bildshöfða 18
ASK Arkitektar ehf, Geirsgötu 9
Athygli ehf, Suðurlandsbraut 30
Auglýsingastofan ENNEMM, Brautarholti 10
Auglýsingastofan Korter ehf, Nethyl 2
Austri ehf, Gilsárstekk 5
Álftamýri ehf, Álftamýri 54
Álnabær ehf, verslun, Síðumúla 32
Árbæjarapótek ehf, Hraunbæ 115
Árbæjarþrekk, heilsuætt, Fylkisvegi 6
Árni Reynisson ehf, Skipholti 50d
Ásbjörn Ólafsson ehf, Köllunarklettsvegi 6
B. Ingvarsson ehf, Bildshöfða 18
B.Árnason, byggingaþjónusta ehf, Malarhöfða 8
BabySam, Mörkinni 1
Bakameistarinn ehf, Stigahlið 45-47
Balletskóli Sigríðar Ármann ehf, Skipholti 35
Bananar ehf, Súðarvogi 2e
Barnalæknabjónustan ehf, Domus Medica, Egilsgötu 3
BBA/Legal ehf, Katrínartúni 2
Betri bílar ehf, s: 568 1411, Skeifunni 5c
Bifreiðaverkstæði Grafarvogs ehf, s: 577 4477, Gylfalið 24-30
Bifreiðaverkstæði Svans ehf, Eirhöfði 11
Birtingur ehf, Stigahlið 51
Bilahlílin hf, Bildshöfða 5
Bilakringlan, Funahöfða 15
Bilamálun Halldórs Þ. Nikúlassonar, Funahöfða 3
Bilamálun Sigursveins Sigurðssonar, Hyrjarhöfða 4
Bilastjarnan, Bæjarflöt 10
Bilavíðgerðir Snurfus, Viðarhöfða 6
Björn Traustason ehf, Vogalandi 1
Bláðamannafélag Íslands, Síðumúla 23
Blíkksmiðurrinn hf, Malarhöfða 8
Bonafide lögmenn ráðgjöf sf, Klapparstíg 25-27
Boozt barinn, Borgartúni 39
Boreal, ferðaþjónusta, Austurbergi 20
Borgar Apótek, Borgartúni 28
Borgarhljóf ehf, Hverfisgötu 50
Borgarþylsur, Skeifunni 5
Bókautgáfan Hólar ehf, Hagaseli 14
Bókhaldsstofa Haraldar slf, Síðumúla 29
Bókhaldsstofa Ingimundar T Magnússonar, Ármúla 15
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf, Hávallagötu 40
Bókhaldsþjónustan Rúinir ehf, Bildshöfða 14
Bókhaldsþjónustan Viðvík ehf, Síðumúla 1
Bókhaldsþjónustan Vík, Síðumúla 12
Bólstrarinn ehf, Langholtsvegi 82
Bólstrun Ásgríms ehf, Bergstaðastræti 2
Brauhúsið ehf, Efstalandi 26
Breiðan ehf, Markarvegi 6
Breiðholtsblóm ehf, Álfabakka 14
Brimborg ehf, Bildshöfða 6
Brú félag stjórmda, Skipholti 50d
Brúskur, hársnyrtistofa s: 587 7900, Höfðabakka 9
BSI bifreiðaverkstæði ehf, Ásgarði 4
BSRB, Grettisgötu 89
Búálfurinn, Lóuhólum 2-6

Byggingafélagið Núi, Jónsgeisla 9
Byggingafélagið Þumall ehf, Viðarrima 8
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf, Borgartúni 31
Cafe Roma, Laugavegi 118
Café Loki, Lokastíg 28
CATO Lögmenn ehf, Katrínartúni 2
Central ehf, tannsmíðastofa, Nethyl 2c
Danica sjávarafurðir ehf, Suðurgötu 10
Dansrækt JSB ehf, Lágumúla 9
Dansskóli Jóns Péturs og Kóru Valsheimilínu, Hlíðarendu
Danssmiðjan ehf, Valsheimilínu, Hlíðarendu
Dekurhornið ehf, snyrtistofa, Faxafeni 14
Deluxe snyrting ehf, Álfheimum 74
Design Success, Flókagötu 65
DHL Á ÍSLANDI, Skútuvogi 1d
dh hugbúnaður ehf., dk.is, Bæjarhálsi 1, hús Orkuveitunnar
Drífa efnaflug og þvottahús, Hringbraut 119
Eðalflutningar ehf, Jónsgeisla 47
Efling stéttarfélag, Sættúni 1
Efnalaugin Katla ehf, Laugarásvegi 1
Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
Eignamsjón hf, Suðurlandsbraut 30
Einingarverksmiðjan ehf, Breiðhöfða 10
Eir ehf, Bildshöfða 16
Eirvík-heimilistæki ehf, Suðurlandsbraut 20
Elcon Sigmunda og fiskileitartæki ehf, Grandagarði 1b
Endurskoðun Péturs Jóns ehf, Hátúni 6a
Erla, hannyrdaverslun, Snorrabraut 38
Fasteignakauþ ehf, Ármúla 15
Fasteignasalan Garður ehf, Skipholti 5
Fasteignasalan Hlíðvík ehf, Kringlunni 4-6
Fasteignasalan Húsið, Suðurlandsbraut 50
Fasteignir ríkissjóðs, Borgartúni 7
Fást ehf, Köllunarklettsvegi 4
Felgur smiðja ehf, Axarhöfða 16
